# FRÉTTABLAÐIÐ

83. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 8. APRÍL 2019




Milt og fallegt veður var víða um land í gær og margir á því að þar hafi farið forleikur að vori og rúmlega það. Útivistarfólk af öllum toga þurfti í það minnsta ekki að láta bjóða sér blíðuna tvisvar eins og þessi skíðagöngukappi sem sveif um snævi þaktar sléttur við Bláfjöll þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að seinnipart sunnudags eftir lokun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skúli ætlar að reyna hópfjármögnun

**Skúli Mogensen og félagar sem ætla sér að endurreisa WOW air hafa stuttan tíma til þess að klára dæmið. Hópfjármögnun í kortunum og vörumerkið keypt til baka. Lágmarksfjárhæð sem hægt verður að leggja til verkefnisins á bilinu 200-250 þúsund krónur.**

**VIÐSKIPTI** Tilraun Skúla Mogensen til þess að snúa aftur og endurreisa flugfélagið WOW air byggist meðal annars á því að umtalsverðum fjárhæðum, eða allt að 670 milljónum íslenskra króna, verði safnað á erlendum hópfjármögnunarvettvangi, ekki ólíkt hinu íslenska Karolina Fund.

Rætt er um að lágmarksfjárhæð sem verði hægt að leggja til verkefnisins verði um 200-250 þúsund íslenskra króna. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa skiptastjórar þrotabús WOW tekið vel í hugmyndir um að Skúli og þeir lykilstarfsmenn sem taka þátt í endurreisninni taki yfir kröfur um 200 starfsmanna um vangoldin laun og fyrirgeri þar með rétti sínum á þriggja mánaða uppsagnarfresti sem þeir eiga inni hjá hinu fallna WOW air. Slíkt sé samfélagslega ábyrgt og til þess fallið að almennir kröfuhafar eigi meiri möguleika á heimtum úr þrotabúinu. Í staðinn fær Skúli að halda vörumerkinu WOW.



Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW air.

**» Innlendir og erlendir fjárfestar skoðuðu fjárfestingu í endurreisn WOW um helgina.**

Líkt og fram hefur komið hyggjast Skúli Mogensen og helstu lykilstarfsmenn WOW air, sem var tekið til gjaldþrotaskipta fyrir 11 dögum, endurvekja rekstur flugfélagsins. Þeir leita nú fjármögnunar upp á 40 milljónir dala, jafnvirði um 4,8 milljarða króna, til þess að standa straum af rekstrinum fyrstu misserin.

Fjársterkir aðilar tengdir ferðaþjónustunni hafa um helgina skoðað fjárfestingu í endurreisn WOW. Um er að ræða innlenda og erlenda fjárfesta.

Helsta fyrirstaða þess að Skúla takist ætlunarverkið að mati heimildarmanna blaðsins er sú að tímaramminn sé of þröngur. Vélarnar sem Skúli hyggst taka á leigu muni ekki standa auðar mikið lengur en út vikuna.

Líkt og fram kom í kynningu til fjárfesta og frettabladid.is greindi fyrst frá síðastliðinn fimmtudag hugðust Skúli og aðrir sem munu koma að stofnun félagsins eiga 51 prósents hlut í nýja félaginu á meðan þeir fjárfestar sem leggja félaginu til 40 milljónir dala munu fara með 49 prósenta hlut.

Þetta hafa þeir fjárfestar sem blaðið hefur rætt við ekki sagst geta sætt sig við. Þeir hafa farið fram á að eignast allt að 80 prósenta hlut í nýja félaginu. **– ósk**




## Veður




Austan 10-15 m/s syðst, annars 3-8. Víða léttskýjað í kvöld, en skýjað og úrkomulítið við suðurströndina og á Austfjörðum. Skýjað með köflum á morgun og stöku skúrir eða él SA-til, en bjartviðri N- og V-lands. Frost 0 til 7 stig í nótt, en hiti 2 til 8 stig á morgun.

SJÁ SÍÐU 16

# Íslenskt – gjörið svo vel



Guðni Th. Jóhannesson forseti setti Íslenska daga á sælgætisgangi Bónuss við Garðatorg í gær. Guðni er verndari átaksins, Íslenskt – gjörið svo vel. Framleiðendur og verslanir ætla að bjóða úrval íslenskra vara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá helginni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Torg kaupir prentvél

**FJÖLMIÐLAR** Torg ehf., útgáfufélag Fréttablaðsins, hefur keypt blaðaprentvél Ísafoldar. Með kaupum á prentvélinni nær félagið auknum sveigjanleika í framleiðslu og betri samhæfingu milli framleiðslu og prentunar, að sögn Kristínar Þorsteinsdóttur, útgefanda Fréttablaðsins.



**Kristín Þorsteinsdóttir, útgefandi Fréttablaðsins.**

„Prentvél Torgs getur prentað allt að 30 þúsund eintök á klukkustund. Þá mun Torg ehf. selja prentun til þriðja aðila í gegnum sölusvið Torgs,“ segir Kristín.

„Þrátt fyrir að sífellt fleiri lesi blaðið á netinu nú til dags, eru enn um 40 prósent þjóðarinnar sem lesa prentútgáfu blaðsins á degi hverjum. Styrkur prentútgáfu blaðsins er mikill.“ – **sks**

## Sex ákærðir

**DANMÖRK** Lögreglan í Danmörku hefur ákært sex manns og handtekið 22 eftir skotbardaga sem átti sér stað á laugardag í Rungsted á Sjálandi.

Einn lést í bardaganum en fjórir særðust. Þrír þeirra eru enn á spítala en sá fjórði hefur verið útskrifaður. Mennirnir eru allir á þrítugsaldri. Lögreglan telur að um uppgjör milli glæpaklíka hafi verið að ræða. – **smj**

## Frítt í strætó á gráum degi

**UMHVERFISMÁL** Þeir Reykvíkingar sem það geta eru hvattir til að hvíla bílinn næstu daga en spáð er svifryksdögum. Gert er ráð fyrir svokölluðum gráum degi í dag þar sem svifryksmengun fari yfir heilsuverndarmörk í kringum stórar umferðaræðar.

Hægt verður að nálgast ókeypis dagpassa í strætó í Strætóappinu sem gildir í dag. Þá er fólk hvatt til að hjóla eða ganga enda spáð rigningarlausu hæglætisveðri.

Myllumerki átaksins á samfélagsmiðlum er #grárdagur.

Stefnt er að því að rykbinda flesta þjóðvegi og stofnbrautir í þéttbýli í Reykjavík í dag eða á morgun.

Borgin minnir á það í tilkynningu að notkun nagladekkja er óheimil eftir 15. apríl og hvetur bifreiðaeigendur til að skipta eins fljótt og auðið er. Á heimasíðunni loftgæði.is er hægt að fylgjast með styrk svifryks og annarra mengandi efna á hverjum tíma. – **sar**

# Segir Herjólfssmíðina komna í algjört rugl

**Vegagerðin og skipasmíðastöðin Crist S.A. í Póllandi eru enn að vinna í lokauppgjöri á nýjum Herjólfi. Óljóst með afhendingu. Umboðsmaður Crist segir málið með ólíkindum. Bæjarstjóri segir aðalatriðið að opna Landeyjahöfn.**

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin og skipasmíðastöðin Crist S.A. í Póllandi eru enn að vinna í samkomulagi um lokauppgjör kostnaðar við ferjuna sem leysa á Herjólf af í siglingum til og frá Vestmannaeyjum. Til stóð að ferjan yrði afhent síðasta haust. Því var síðan frestað til 30. mars en nú er óvíst nákvæmlega hvenær nýi Herjólfur verður afhentur.

Crist S.A. krefst þess að fá rúmlega milljarði meira, eða þriðjung þess sem smíðin hefur kostað, fyrir ferjuna. Vegagerðin segir kröfurnar ekki standast skoðun.

Björgvin Ólafsson, umboðsmaður Crist S.A., segir málið með ólíkindum. „Ég veit ekki hvað ég hef komið nálægt smíði margra skipa, kannski 20-30, og hef aldrei kynnst svona rugli áður.“

Teikningar Vegagerðarinnar hafi ekki staðist og því hafi stöðin þurft að teikna skipið upp á nýtt. Slíkt kosti peninga. Sakar hann Vegagerðina um taktleysi.

„Það eru tæknimenn sem þurfa að byrja á að ræða þessi atriði, en þeir byrja á að senda lögfræðinga til að ræða peninga. Stöðin á ekki orð yfir þessum vinnubrögðum. Ef stöðin er að fara með einhverja vitleysu þá verður að reka það ofan í hana tæknilega.“

Vegagerðin segir að gerðir hafi verið samningar um allar breytingar og Crist S.A. hafi tekið ábyrgð á hönnuninni. Það hafi þurft að gera ýmsar breytingar.

„Gerður hefur verið samningur um allar slíkar breytingar þar sem samið er um fast verð og viðbótar smíðatíma eftir því sem við á,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. „Unnið er að samkomulagi um lokauppgjör og ekki komin dagsetning á afhendingu Herjólfs.“



**Nýi Herjólfur er tilbúinn í höfninni í Gdynia í Póllandi.** MYND/VEGAGERÐIN

> **Við treystum því þó að þessar deilur Vegagerðarinnar og skipasmíðastöðvarinnar um lokauppgjörið klárist innan skamms.**
>
> Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Eyjum, segir bæjarbúa orðna óþreyjufulla.

„Eyjamönnum brá auðvitað þegar þeir sáu það í fréttum að nýja skipið væri ef til vill ekki að koma, enda orðnir langþreyttir á slæmum fréttum af samgöngumálum. Við treystum því þó að þessar deilur Vegagerðarinnar og skipasmíðastöðvarinnar um lokauppgjörið klárist innan skamms og að skipið komi heim,“ segir Íris.

„Það er þó ekki að verða neitt þjónusturof. Gamli Herjólfur heldur auðvitað áfram að sigla þangað til nýja skipið kemur, en aðalatriðið núna er að opna Landeyjahöfn.“

Líkt og aðrir bæjarbúar hlakkar Íris til að fá nýjan Herjólf.

„Ferjan sem við erum með í dag er 27 ára gömul og barn síns tíma. Nýja ferjan verður mjög mikil samgöngubót þegar um er að ræða siglingar í Landeyjahöfn. Þeir skipstjórnarmenn sem hafa prófað nýja skipið láta mjög vel af því og aðbúnaður farþega um borð er líka mjög góður. Það er líka bara spennandi og skemmtilegt að fá nýtt skip,“ segir Íris. „Við viljum bara klára þetta. Að Landeyjahöfn verði opnuð og nýja ferjan komi heim.“

**arib@frettabladid.is**


V.L.F. HLÍF

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

## Kynningarfundur um nýgerðan kjarasamning

Kynningarfundur um nýgerðan kjarasamning á almennum vinnumarkaði verður haldinn þriðjudaginn 9. apríl kl. 17:30 í Hlífarsalnum að Reykjavíkurvegi 64.

Rafræn atkvæðagreiðsla um samninginn hefst föstudaginn 12. apríl kl. 13:00 og lýkur þriðjudaginn 23. apríl kl. 16:00. Jafnframt verður hægt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á hefðbundnum opnunartíma.

*Stjórnin*




**Eigum nokkra sérstaklega vel útbúna Audi A3 e-tron á einstökum kjörum.**

## Audi A3 e-tron

Verðlistaverð frá ~~4.860.000~~ kr.
**Verð frá 3.990.000 kr.**

Allt að 50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri samþættingu rafdrifs og sparneytinnar bensínvélar er samanlögð heildardrægni allt að 940 km.

**Meðal búnaðar:**

- Nálgunarvörn framan og aftan
- Dynamic stefnuljós
- LED afturljós
- Lyklalaust aðgengi
- Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- Skriðstillir (Cruise control)
- Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- Árekstrarvörn (pre sense)
- 17" álfelgur
- Bakkmyndavél
- Dökkar rúður

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/audisalur

HEKLA · Laugavegi 170-174 / 590 5000 / Audi.is

# Komum á bráðadeild Landspítalans fækkar um tíu prósent

**HEILBRIGÐISMÁL** Einstaklingum sem leita til bráðadeildar Landspítalans fækkaði um 10 prósent á síðasta ári og fleiri fara inn á heilsugæslu sem fyrsta stopp í heilbrigðiskerfinu. Þetta er mikilvægt svo hægt sé að forgangsraða fjármagni betur í heilbrigðisþjónustu.

Þetta kom fram á fræðslufundi Landspítalans nýverið. Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum, segir samstarf við heilsugæsluna gott og þetta sé liður í því að þeir sem sæki þjónustu fái meðferð við hæfi.

„Við höfum átt gott og mikið samstarf síðastliðið ár við heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og læknavaktina um upplýsingagjöf. Við sjáum í komutölum að það hefur leitt til þess að fleiri leita til heilsugæslunnar sem fyrsta stopps inn í heilbrigðisþjónustuna,“ segir Jón Magnús. „Þetta hefur gert það að verkum að við höfum haft möguleika og bolmagn til að taka við fleiri bráðveikum sjúklingum eftir að hjartagáttin lokaði.“



Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga.

Síðustu misseri hefur oft verið rætt um mikið álag á bráðadeild LSH og hefur markvisst verið unnið að því innan spítalans að fækka komum minna veikra inn á bráðadeild og létta álagið á starfsmönnum. Einnig er kostnaðarsamara fyrir heilbrigðiskerfið að nýta sér þjónustu bráðadeildar en heilsugæslu svo dæmi sé tekið.

„Því er þetta í rétta átt. Við sjáum í okkar gögnum fækkun í hópi minnst veikra einstaklinga en á sama tíma hefur orðið fjölgun í hópi mjög veikra og bráðveikra. Það þýðir að við höfum bolmagn til að sinna okkar bráðveiku sjúklingum,“ segir Jón Magnús. „Þetta þýðir meiri gæði og betri þjónustu fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda, bæði þá minna veiku sem fara til heilsugæslunnar sem og þá bráðveiku sem leita til okkar.“

Jón Magnús bendir einnig á að minna veikur einstaklingur fái betri og skilvirkari þjónustu á heilsugæslu þar sem þörfum hans er að einhverju leyti betur sinnt en á bráðadeild Landspítalans. **– sa**

## Orkupakkinn á dagskrá í dag

**ALÞINGI** Fyrri umræða um þingsályktunartillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra um þriðja orkupakka ESB hefst á Alþingi í dag. Ríkisstjórnin ákvað í nóvember síðastliðnum að fresta málinu fram á vor til þess að fara betur yfir þá gagnrýni sem fram kom á innleiðingu þriðja orkupakkans.



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Guðlaugur Þór mun sjálfur mæla fyrir málinu en hann gerði breytingar á plönum sínum þegar í ljós kom að málið færi á dagskrá í dag. Hafði hann vegna anna í opinberum erindum erlendis kallað inn varamann til 12. apríl næstkomandi.

Ljóst er að málið, sem er afar umdeilt, verður eitt það fyrirferðarmesta það sem eftir er vorþings.

Þá eru frumvörp Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur iðnaðarráðherra tengd þriðja orkupakkanum einnig á dagskrá þingsins í dag.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á þann fyrirvara að flutningur á raforku milli Íslands og orkumarkaðar ESB muni ekki koma til nema með aðkomu Alþingis. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Lífeyrissjóðir bæta við sig um 13 prósenta hlut í HS Orku

**Jarðvarmi hefur keypt hlut fagfjárfestasjóðsins ORK fyrir um 8,5 milljarða. Á um 46 prósent eftir kaupin. Lífeyrissjóðirnir vilja einnig ganga inn í viðskipti með 54 prósenta hlut í HS Orku í samstarfi við breskan innviðasjóð.**



Heildarhagnaður HS Orku, sem á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi, nam 5,7 milljörðum í fyrra.

**VIÐSKIPTI** Samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán lífeyrissjóða, hefur gengið frá kaupum á 12,7 prósenta hlut í HS Orku en seljandi er fagfjárfestasjóðurinn ORK. Skrifað var undir kaupsamkomulag á fimmtudagskvöldið í síðustu viku, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en lífeyrissjóðirnir greiða jafnvirði um 8,5 milljarða króna fyrir hlutinn. Jarðvarmi átti fyrir rúmlega þriðjungshlut í HS Orku og nemur eignarhlutur félagsins því núna um 46 prósentum.

HS Orka er þriðji stærsti raforkuframleiðandi landsins og eina orkufyrirtækið sem er í eigu einkafjárfesta. Fyrirtækið á meðal annars 30 prósenta hlut í Bláa lóninu.

Ekkert verður því af fyrirhuguðum kaupum svissneska félagsins DC Renewable Energy, sem er í eigu Bretans Edmunds Truell sem hefur lengi unnið að því að koma á sæstreng á milli Íslands og Bretlands, á eignarhlut ORK-sjóðsins í HS Orku. Félagið hafði gengið frá samkomulagi við ORK í byrjun október í fyrra en kaupin voru hins vegar aldrei endanlega frágengin þar sem Truell tókst ekki að ljúka fjármögnun vegna viðskiptanna.

Kaupverðið á hlut ORK er á sama gengi, samkvæmt heimildum

**3,2**

**milljarðar var EBITDA-hagnaður HS Orku 2018.**

Fréttablaðsins, og kveðið er á um í samkomulagi um sölu á 54 prósenta hlut kanadíska félagsins Innergex í HS Orku til sjóðs í stýringu ástralska fjárfestingabankans Macquarie, sem fjárfestir í endurnýjanlegum orkugjöfum og innviðum, og tilkynnt var um mánudaginn 25. mars síðastliðinn. Sjóðurinn greiðir 304,8 milljónir dala, jafnvirði 36,3 milljarða króna, fyrir hlutinn í HS Orku sem verðmetur orkufyrirtækið því á samtals um 67 milljarða.

Stjórn Jarðvarma ákvað hins vegar í liðinni viku, eins og greint var frá í Markaðinum, að leggja það til við hluthafa félagsins að ganga inn í þau viðskipti Macquarie og nýta sér forkaupsrétt sem Jarðvarmi hefur samkvæmt hluthafasamkomulagi HS Orku. Kaup lífeyrissjóðanna verða gerð í samfloti með breska fjárfestingarfyrirtækinu Ancala Partners. Boðað hefur verið til hluthafafundar hjá Jarðvarma á morgun, þriðjudag, þar sem hluthafar greiða atkvæði um tillögu stjórnar um að nýta kaupréttinn.

Tillaga stjórnar Jarðvarma, en Arctica Finance hefur verið félaginu til ráðgjafar, gerir ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir bæti þá við sig um tíu prósenta hlut í orkufyrirtækinu en að afganginn, eða rúmlega 43 prósenta hlutur, verði keyptur af Ancala en fyrirtækið sérhæfir sig í innviðafjárfestingum í Evrópu. Eftir kaup Jarðvarma á 12,7 prósenta hlut fagfjárfestasjóðsins ORK munu lífeyrissjóðirnir því í kjölfarið, samþykki hluthafar tillögu stjórnarinnar, samtals fara með rúmlega 56 prósenta hlut í HS Orku.

Formlegt söluferli á eignarhlut Innergex í HS Orku hófst um miðjan október og skiluðu að lokum þrír fjárfestar inn skuldbindandi tilboði í hlutinn. Auk Ancala Partners, sem setti fram tilboð í samstarfi við Jarðvarma, og sjóðs í stýringu Macquarie, þá gerði íslenska félagið Arctic Green Energy, sem er meðal annars í eigu kínverska fjárfestingarfélags, einnig tilboð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir mikillar óánægju á meðal forsvarsmanna Macquarie með að Jarðvarmi hafi í reynd átt í samstarfi við Ancala meðan á söluferlinu stóð. Það kunni að vera brot á þeim trúnaðarsamningum sem fjárfestar hafi gengist undir í ferlinu. **hordur@frettabladid.is**



# VELKOMIN Á REYKJAVÍKUR-SKÁKMÓTIÐ 8.–16. APRÍL 2019 Í HÖRPU

# WELCOME TO REYKJAVÍK OPEN




GAMMA

REYKJAVIKOPEN.COM

REYKJAVÍKUR SKÁKMÓTIÐ

# Kátt í höllinni hjá Landsbankafólki

**MANNLÍF** Það var mikið um dýrðir þegar starfsfólk Landsbankans gerði sér glaðan dag í Laugardalshöllinni á laugardagskvöld. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fóru hátíðarhöldin vel fram og afar góður rómur gerður að bæði veitingum og skemmtiatriðum.

Leikararnir og grínistarnir Saga Garðarsdóttir og Dóri DNA voru veislustjórar. Boðið var upp á veislumat og frítt léttvín og bjór fyrir gesti meðan á borðhaldi stóð.

Óhætt er að segja að stórskotalið íslenskra söngvara hafi troðið upp. Stórsöngvararnir Friðrik Dór og Jóhanna Guðrún sungu af sinni alkunnu snilld. JóiPé og Króli komu fram. Ekki síðri lukku vöktu Magni Ásgeirsson og sjálfur Beggi í Sóldögg, Bergsveinn Arilíusson, sem kom óvænt fram. Sannkölluð sveitaballabomba þar. Heldri gestir kunnu þá að meta frammistöðu Magnúsar Þórs Sigmundssonar og Jóhanns Helgasonar og loks lokaði hinn eini sanni Helgi Björnsson dagskránni við rífandi undirtektir bankastarfsmanna.

> **Þetta var rosaleg árshátíð.**
>
> Gestur á árshátíð Landsbankans

Í tilefni árshátíðarinnar var í Laugardalshöllinni settur upp sérstakur karókísalur þar sem þær Þórunn Antonía Magnúsdóttir og Dóra Júlía Agnarsdóttir stjórnuðu för.

„Þetta var rosaleg árshátíð,“ segir einn gestanna sem gekk hratt um gleðinnar dyr á hátíðinni í samtali við Fréttablaðið á sunnudag, en baðst undan því að vera nafngreindur. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var hátíðin í boði starfsmannafélags bankans en greiða þurfti fyrir miða maka. – smj


FRAMTÍÐ EVRÓPUSAMRUNANS FRÁ SPÆNSKU SJÓNARHORNI




OPINN FUNDUR ÞRIÐJUDAGINN 9. APRÍL KL. 16.30-18.00
Í STOFU 101 Í LÖGBERGI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Á fundinum mun **Ignacio Molina** fara yfir helstu áskoranir og tækifæri sem blasa við Evrópusambandinu í dag. Vaxandi lýðskrum, Brexit og nýjar öryggisógnir hafa leitt til óvissu um framtíð Evrópusambandsins.

Tregða til frekari samruna hjá nokkrum aðildarríkjum hefur veitt Spáni tækifæri til að styrkja stöðu sína innan ESB, í ljósi efnahagsstöðugleika landsins og vilja til frekari samruna. Pólitískur óstöðugleiki vegna aðstæðna í Katalóníu gætu þó haft áhrif á stöðu Spánar í Evrópusambandinu.


Ignacio Molina

**Ignacio Molina** er fræðimaður við Elcano Royal Institute og kennari við stjórnmálafræðideild háskólans í Madrid.

Fundarstjóri: **Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar HÍ.

*Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum.*
***Boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundar.***

Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og á: facebook.com/althjodamalastofnun

REAL INSTITUTO elcano ROYAL INSTITUTE
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLI ÍSLANDS



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.




Fjölskyldan saman á góðri stund við útskrift hjá Davíð Karli. Jón Þröstur er vinstra megin við hann. Með þeim eru systur þeirra, Þórunn og Anna, og bróðir þeirra, Daníel Örn. Fjölskyldan heldur enn í vonina á erfiðum tímum.

# Á krossgötum eftir hvarf Jóns Þrastar

**Rúmir tveir mánuðir eru frá því að Jón Þröstur Jónsson hvarf á dularfullan hátt á Írlandi. Yngri bróðir hans segir fjölskylduna ekki ætla að gefast upp, nú sé unnið að því að setja saman áætlun um hvernig haldið verði áfram.**

**LÖGREGLUMÁL** „Staðan er mjög erfið. Við erum á krossgötum. Við ætlum ekki að gefast upp, en málið er mjög flókið,“ segir Davíð Karl Wiium, yngri bróðir Jóns Þrastar Jónssonar sem hvarf sporlaust á Írlandi í byrjun febrúar. „Hann er búinn að vera týndur núna í tvo mánuði. Þetta er mjög snúið.“

Jón Þröstur gekk út af hótelherbergi sínu laugardagsmorguninn 9. febrúar síðastliðinn og út á götur Whitehall-hverfisins í Dublin. Hann sást á öryggismyndavél fyrir utan Highfield-hjúkrunarheimilið fyrir aftan hótelið upp úr klukkan 11. Þá var Jón Þröstur á gangi upp Swords Road, klæddur í svarta úlpu að reykja sígarettu. Síðan hefur ekkert sést til hans.




Síðasta myndin af Jóni Þresti. Tekin á eftirlitsmyndavél á Swords Road laugardagsmorguninn 9. febrúar. Skjáskot úr írska þættinum Crimecall.

Lögreglan fékk fjölda ábendinga. „Það kom inn mikið magn af ábendingum sem þeir eru búnir að vera að vinna í en það hefur ekki skilað neinum árangri, ekki af neinu viti. Það er ekki að koma inn jafn mikið af ábendingum og var. Ég talaði síðast við þá í gær og þá var sama staða uppi. Það er úr litlu að moða. Það stendur til að endurbirta tilkynninguna úti til að hressa upp minnið hjá fólki.“

Fjölskylda Jóns Þrastar, fjöldi sjálfboðaliða, lögregla og björgunarsveitir eru búnar að leita af sér allan grun á svæðinu í kringum hótelið. Notast var við leitarhunda og þyrlu. Einnig er búið að leita með fram sjónum við Whitehall-hverfið. Þykir því líklegt að Jón Þröstur hafi stigið upp í leigubíl en það eru þó einungis getgátur.

Fjölskyldan hefur verið mjög dugleg við að vekja athygli á málinu og hafa þau skipst á að vera úti á Írlandi.

„Nokkur eru úti núna. Nú erum við að vinna í að setja saman áætlun um hvernig er best að halda málinu til streitu. Það sem við erum fyrst og fremst að gera er að halda áfram samskiptum við lögregluna, bara upp á að halda málinu gangandi,“ segir Davíð Karl.

Þegar Jón Þröstur yfirgaf hótelið var hann ekki með síma eða vegabréf á sér. Hann var með greiðslukort en þau hafa ekki verið notuð. Ólíklegt er talið að hann sé með mikið reiðufé á sér. Lögreglan hefur ekki útilokað að Jón Þröstur hafi farið úr landi og hefur alþjóðalögreglan Interpol lýst eftir honum.

„Eftir allan þennan tíma og alla þessa vinnu, bæði hjá okkur og lögreglunni, þá er ekkert sem við höfum beinlínis í höndunum sem hefur fært okkur eitthvað nær. Þetta er spurning um að draga inn andann og reyna að skipuleggja sig, því það stefnir í að þetta taki lengri tíma en við höfðum vonað,“ segir Davíð Karl.

„Þetta snýst bara mest um að bíða, vona og sjá.“ arib@frettabladid.is

# Harðnandi átök í höfuðborg Líbíu

**LÍBÍA** 21 féll og minnst 90 særðust í harðnandi átökum í gær nærri Trípólí, höfuðborg Líbíu. Átök hafa staðið yfir í landinu um nokkurt skeið milli stjórnarhersins, sem er studdur af Sameinuðu þjóðunum, og þjóðarhers undir stjórn herforingjans Khalifa Haftar.

Sveitir Haftar hafa síðan á fimmtudag ráðist að höfuðborginni bæði úr austri og suðri. Sameinuðu þjóðirnar höfðu kallað eftir tveggja klukkustunda vopnahléi, svo hægt væri að flytja óbreytta borgara og særða frá svæðinu, en án árangurs.



Hersveitir hliðhollar stjórnarhernum á leið til Trípólí. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bandaríkjamenn hófu í gær brottflutning hersveita sinna frá Líbíu vegna ótryggs ástands. Fréttin af brottflutningnum var fyrsta opinbera staðfestingin á því að bandarískar hersveitir væru í Líbíu. Engar upplýsingar fengust um fjölda hermanna né um verkefni þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) hafa skipulagt friðarviðræður sem fara eiga fram 14.-16. apríl í borginni Ghadames. Erindreki SÞ sagði að viðræðurnar myndu fara fram nema einhverjar alvarlegar hindranir yrðu í veginum. – sar






# ÍSLENSKT

*gjörið svo vel*

# Íslenskir dagar

Íslenskir matvælaframleiðendur og verslanir hafa tekið höndum saman og blása til íslenskra daga fram til 20. apríl. Komið við í ykkar verslun, setjið úrval íslenskra vara í innkaupakörfuna og svo er bara að bjóða gestum að gjöra svo vel.

SI Samtök iðnaðarins | SVÞ Samtök verslunar og þjónustu | SA | Bændasamtök Íslands




Vor í Reykjavík. Fornbíllinn stal senunni við Reykjavíkurhöfn og vespan litla mátti sín lítils. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Svipmyndir frá sunnudegi

Að baki er góð helgi hjá vonandi sem flestum þar sem veðrið lék við landsmenn. Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru sem fyrr á ferð og flandri um allar trissur með myndavélar sínar á lofti til að fanga hinar ýmsu uppákomur um helgina. Hér er brot af því besta sem á vegi þeirra varð.



Tignarlegar skautadrottningar svifu um ísinn á svokallaðri regnbogasýningu Skautafélags Reykjavíkur í gær. Sýningin er nokkurs konar upphitun fyrir uppskerusýningar vorsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Eins og fram kom á síðu 2 var Guðni Th. að setja Íslenska daga í Bónus við Garðatorg í gær. Svo skemmtilega vildi til að móðir hans, Margrét Thorlacius, var í verslunarferð og hitti fyrir Guðna sem gæddi sér á köku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





# Í skólanum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Í orði kveðnu á skólastarf að stuðla að því að auka þroska nemenda, sjálfstæði þeirra, frumkvæði og sköpunarkraft. Á sama tíma eru of mörg dæmi um að reynt sé að kæfa þessa eiginleika ungs einstaklings og tilraun gerð til að steypa hann í sama mót og alla aðra. Tökum raunverulegt dæmi af tólf ára dreng í Reykjavík sem býr yfir afburða hæfileikum á myndlistarsviðinu en fær ítrekað þau skilaboð í skólakerfinu að hann muni eiga í erfiðleikum á lífsleiðinni taki hann ekki framförum í stærðfræðinni, sem hann á í basli með að ná tökum á og hefur heldur alls engan áhuga á.

Mjög margir hafa lent í sömu stöðu og þessi drengur, lifðu og hrærðust of lengi í ósveigjanlegu skólakerfi þar sem hæfileikar þeirra fengu ekki að blómstra. Þessir sömu einstaklingar prísuðu sig sæla þegar þeir voru lausir undan oki skólakerfisins og gátu farið að blómstra á eigin forsendum.

Skólakerfið á að byggja á sveigjanleika og í stað þess að fyrst og fremst sé tekið mið af þörfum kennara, eins og gert er í allflestum skólum, þarf að hanna kerfi sem hentar nemendum sem allra best. Þar eiga þeir að njóta frelsis og eiga val en ekki vera þvingaðir til að læra hluti sem þeir hafa engan áhuga á og munu ekki gagnast þeim á lífsleiðinni. Fjölmargir einstaklingar kannast við að hafa á unga aldri setið í skólastofu þar sem þeim var gert að tileinka sér hluti sem þeir voru áhugalausir um og heyrðu um leið kennarann segja: „Þetta mun koma þér að gagni síðar meir.“ Ansi margir geta vottað að aldrei kom að þeirri stund.

Á dögunum sagði Bubbi Morthens frá því í grein hér í Fréttablaðinu að þegar hann var ungur hefði kennari sagt honum að aldrei myndi verða neitt úr honum. Þegar hann var seinna í námi í Danmörku var sagt við hann: „Við höfum tekið eftir því að þú ert alltaf með gítarinn með þér. Í vor tekurðu próf eins og allir aðrir en þitt próf felst í því að halda tónleika fyrir nemendur.“ Bubbi segir að þannig hafi upprisa hans hafist. Hann fékk engan stuðning í óvinveittu íslensku skólakerfi, en fékk að njóta sín á eigin forsendum í landi þar sem voru aðrar og mun betri og skynsamlegri áherslur.

Ekki er hægt að segja að svona hafi þetta nú verið í gamla daga, þegar strangleikinn réð ríkjum, en nú sé íslensk skólastefna gjörbreytt. Það er ekki svo. Enn eimir heilmikið eftir af þeirri hugsun að ungir nemendur verði að tileinka sér færni í ákveðnum hlutum og ef þeim tekst það ekki þá fá þeir skilaboðin um að þeir séu í rangri braut og verði að taka sig á ætli þeir að ná árangri á lífsleiðinni. Engir gera sér betur grein fyrir því hversu slæm skilaboð þetta eru en einmitt það fullorðna fólk sem á unga aldri fékk skilaboð eins og þessi á skólagöngu sinni.

Skólar eiga að laða það besta fram hjá ungum nemendum sem eiga sjálfir að fá að velja sér áherslur. Skólakerfið á ekki að bregða fæti fyrir skapandi einstaklinga, en því miður gerist það í of miklum mæli. Því þarf að breyta.

**Skólakerfið á ekki að bregða fæti fyrir skapandi einstaklinga, en því miður gerist það í of miklum mæli.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Standi við stóru orðin**

**Fréttablaðið greinir frá því í dag að Skúli Mogensen og meðreiðarsveinar hans um himinskautin leiti nú að 670 milljónum króna með hópfjármögnun.**

**Þó líklega þurfi einhverja premíumáskrift fagfjárfesta að viðkomandi vettvangi til að styrkja endurreisn íslenska lággjaldaflugfélagsins hlýtur bláeygða pöpulinn sem og fjólubláa sértrúarsöfnuðinn þó að klæja nokkuð að leggja málefninu lið.**

**Raunar myndi ætla það algjört lágmark miðað við yfirlýsingar margra um hvernig ríkið hafi brugðist í einu og öllu með því að sturta ekki fjármunum úr ríkiskassanum rakleiðis upp í höktandi þotuhreyfla Airbusvéla Skúla og ríkisvæða tapið enn á ný. Nú er lag.**

**Put your money where …**

**Verður þá sérstaklega spennandi að sjá hvort flugmaðurinn fyrrverandi, sem hélt reiðilestur á Hringbraut í liðinni viku, opni veskið. Sá lýsti því yfir af litlu jafnvægi að ríkisstjórnin væri pakk, ráðherrar hennar ekki velkomnir um borð í vélar hans framar og að skattpeningar hans myndu eftirleiðis renna annað en í íslenskan ríkissjóð.**

**Nú er tækifæri hans og annara almennra borgara að láta sína eigin fjármuni af hendi rakna í háloftalottó Skúla Mogensen. Það er ekkert víst það klikki.**

**mikael@frettabladid.is**

# Ríkið sýni gott fordæmi



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Vitund fólks um loftslagsbreytingar hefur stóraukist á skömmum tíma. Það er mikilvægt hreyfiafl.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á loftslagslögum þar sem gert verður að skyldu að Stjórnarráðið, stofnanir hins opinbera og öll fyrirtæki í ríkiseigu setji sér loftslagsstefnu og grípi til aðgerða til að draga úr losun og kolefnisjafna starfsemi sína þannig að þau nái kolefnishlutleysi. Þetta markar tímamót. Það er mikilvægt að hið opinbera sýni skýrt og jákvætt fordæmi í loftslagsmálum.

Síðastliðna mánuði hefur vinna staðið yfir við loftslagsstefnu Stjórnarráðsins og á morgun leggjum við forsætisráðherra hana fyrir ríkisstjórn.

Verði loftslagsfrumvarpið að lögum verður fest í lög sú skylda ráðherra að láta vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum á grundvelli bestu vísindalegrar þekkingar. Aðlögunaráætlun hefur ekki áður verið unnin fyrir Ísland en á þessu verður nú breyting og málið tekið föstum tökum.

Í frumvarpinu er í fyrsta skipti kveðið á um loftslagsráð í lögum og að gerðar skuli vísindaskýrslur um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag. Þær skulu m.a. taka mið af reglulegum úttektarskýrslum Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC), og nýjustu og bestu upplýsingum um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi hverju sinni.

Stóra verkefnið er auðvitað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda það sem út af stendur með margvíslegum aðgerðum. Til þess þarf skýr markmið og aðgerðir. Mikilvægum aðgerðum í aðgerðaáætlun stjórnvalda hefur þegar verið hrint í framkvæmd. Nú er sem dæmi skylt að gera ráð fyrir hleðslu rafbíla við allt nýbyggt húsnæði á landinu, kolefnisgjald hefur verið hækkað og Skipulagsstofnun vinnur að viðauka við Landsskipulagsstefnu þar sem flétta á loftslagsmálum inn í skipulag. Meðal stærstu verkefna þessar vikurnar er síðan stofnun Loftslagssjóðs í samvinnu við Rannís, vinna við áætlanir um kolefnisbindingu og nánari útfærsla varðandi orkuskipti í samgöngum.

Stjórnvöld hafa tekið loftslagsmálin föstum tökum og svara kalli almennings.

**Stjórnvöld hafa tekið loftslagsmálin föstum tökum og svara kalli almennings.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kerfið gegn feðrum

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Einu sinni var veröldin þannig að þegar barn kom í heiminn höfðu margir feður ríka tilhneigingu til að láta sig hverfa, sérstaklega ef þeir bjuggu ekki með móðurinni. Feður upplifðu sig hugsanlega ekki nauðsynlega í veröld uppeldis, eða velkomna. Á þessu voru auðvitað veigamiklar undantekningar, en algengt var þó að feður færu í mesta lagi með börn sín niður að Tjörn aðra hverja helgi að gefa öndunum brauð.

Síðan hefur komið í ljós að brauð er óhollt fyrir endur, sem voru auðvitað slæm tíðindi fyrir helgarpabbana, en sem betur hefur veröldin líka breyst. Nú heyrir það til undantekninga, fullyrði ég, að feður taki ekki ríkan þátt í uppeldi barna sinna, þótt þeir búi ekki með móðurinni. Nú er það orðið ákaflega algengt fyrirkomulag að börn, eftir skilnað, búi á tveimur heimilum til jafns. Viku hjá pabbanum og viku hjá mömmunni. Rannsóknir hafa líka sýnt að þetta fyrirkomulag kemur vel út fyrir börn, enda ákaflega mikilvægt – og stutt rannsóknum – að börn upplifi rík tengsl bæði við móður og föður.

**Þvermóðska laganna**

Svona getur veröldin batnað. Það hefur lengi legið fyrir að foreldrar munu ekki allir geta hugsað sér að búa saman. Það er staðreynd. Menningin sjálf, viðhorfin, hefur þokað veröldinni í þá átt, að upplýst fólk í nútímanum hefur komist að þeirri niðurstöðu að auðvitað sé það ekki æskilegt að faðirinn láti sig hverfa. Það er ákaflega gamaldags viðhorf til fjölskyldumála, að ímynda sér það að við sambúðarslit eigi móðirin ein að axla ábyrgð á börnunum, en faðirinn eigi að láta nægja að borga meðlag og sé að öðru leyti stikkfrí. En svona hugsar kerfið. Enn í dag, þrátt fyrir þessar miklu samfélagsbreytingar, sendir kerfið körlum þessi skilaboð: Farðu bara. Leigðu þér risíbúð. Vertu á barnum. Haltu áfram að leika þér. Borgaðu meðlag.

Með öðrum orðum: Litlar sem engar alvörukerfisbreytingar, í lögum eða annars staðar, hafa átt sér stað til þess að koma til móts við hina breyttu veröld. Í lögunum skal barn alltaf búa á einu heimili – sem er yfirleitt hjá móður – þótt sannanlega sé veröldin alls ekki þannig.

**Lífskjarasamningarnir**

Eftir því sem tíminn líður, og eftir því sem veröldin verður betri fyrir börn í þessari aðstöðu – og æ fleiri foreldrar sem búa ekki saman ákveða samt að ala upp börnin sín saman – verður þessi þvermóðska kerfisins sorglegri og átakanlegri. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að styðja við þessa viðleitni foreldra? Hvers vegna er það svona rosalega mikilvægt að börn, sama hvernig vindar blása, skuli alltaf búa einungis á einu heimili?

Margt hangir á spýtunni. Ástæðan fyrir því að ég skrifa þetta eru fregnir af lífskjarasamningunum svokölluðu. Það er gott að aðilar vinnumarkaðarins hafi náð saman. Það er gott að reynt verður að bæta kjör þeirra sem verst hafa það í samfélaginu. Ég hef hins vegar lengi haft það að sérstöku áhugamáli að leggja við hlustir þegar áhrifafólk byrjar að tala um nauðsyn þess að koma til móts við hina ýmsu hópa samfélagsins og bæta kjör þeirra.

Aldrei eru umgengnisforeldrar nefndir í þeirri upptalningu. Það virðist vera einlægur vilji kerfisins að minnast ekki á þá einu orði.

**Lúalegur feluleikur**

Hverju sætir? Nóg er talað um mikilvægi þess, blessunarlega, að auðvelda fólki að standa straum af kostnaði við uppeldi barna. Það er veigamikill hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar að hækka skuli barnabætur. Ekki vantar áhugann á því að bæta kjör barnafólks.

Þeim mun átakanlegri er þá hin fyrrnefnda þrjóska og þvermóðska: Ekki skal króna af þessum kjarabótum renna til þeirra foreldra – að langstærstum hluta feðra – sem eru þó með börn sín allt að helminginn af árinu. Að áliti kerfisins er árið ennþá 1950. Þessi feður eru bara meðlagsgreiðendur. Punktur. Barnauppeldi er ekki þeirra.

Spilaður er lúalegur feluleikur til þess að verja þessa fornu samfélagsmynd. Einstæðir foreldrar fá að sjálfsögðu barnabætur. En vegna þess að börn mega einungis vera skráð á einu heimili, þá eiga börn alltaf bara eitt einstætt foreldri. Aldrei tvö. Yfirleitt eru þó foreldrin tvö. Í bókum kerfisins eru einstæðir feður eiginlega ekki til. Börnin eru ekki skráð með lögheimilið hjá þeim. Þeir eru því skráðir einstæðingar. Kerfið segir að þeir eigi ekki börn. Þeir eru því ekki studdir.

Í þessum hópi er fátækasta fólk landsins. Fáir hafa það jafnskítt og tekjulágir, eignalitlir feður sem vilja þó allt gera til þess að taka þátt í uppeldi barna sinna. Þeir fá engan stuðning, heldur þvert á móti. Þeir þurfa að borga. Alveg sama þótt verkalýðsforysta blási í herlúðra gegn fátækt og ríkisstjórn hækki stuðning við foreldra, þá skal þessi hópur – feður – grafinn og gleymdur. Viðhorfið er augljóst og merkilega kuldalegt: Þeir mega éta það sem úti frýs.



## Ársfundur 2019

**Ársfundur SL lífeyrissjóðs verður haldinn mánudaginn 8. apríl 2019 kl. 16.30, að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.**

DAGSKRÁ

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 03. 2019
**Stjórn SL lífeyrissjóðs**

SL lífeyrissjóður
Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · www.sl.is

# Finn að þetta er á réttri leið

Eygló Ósk Gústafsdóttir vann til tvennra gullverðlauna á Íslandsmótinu í 50 metra laug um helgina. Eftir tveggja ára baráttu við erfið bakmeiðsli segir Eygló að nú miði í rétta átt og stefnir hún til Tókýó 2020.

**SUND** Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir nældi sér í tvenn gullverðlaun á Íslandsmótinu í 50 metra laug sem fór fram um helgina. Eygló kom fyrst í mark í 200 metra baksundi á föstudaginn á tímanum 2:17,44, um sex sekúndum á undan Stefaníu Sigþórsdóttur. Eygló Ósk fylgdi því eftir með sigri í hundrað metra baksundi á laugardaginn þegar hún kom í mark á 1:03,25, rúmum þremur sekúndum á undan Írisi Ósk Hilmarsdóttur.

Fyrri Íslandsmeistaratitillinn reyndist hennar hundraðasti. Aðspurð um þann titil sagðist Eygló hafa vitað af því að þessi áfangi væri innan seilingar.

„Mamma mín er talnaglögg og skrifar allt svona niður. Hún var búin að minnast á þetta við mig í fyrra þegar ég varð Íslandsmeistari í 99. sinn svo að ég var ákveðin í að ná þeim hundraðasta um helgina,“ sagði Eygló létt þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar.

„Þetta er merkilegur áfangi og verður flottur þegar maður lítur til baka að ferlinum loknum.“

Eygló Ósk var kosin íþróttamaður ársins árið 2015 og keppti til úrslita í 200 metra baksundi á Ólympíuleikunum í Ríó árið 2016.

Um vorið 2017 tóku sig upp erfið bakmeiðsli sem hún hefur verið að glíma við en nú er hún að ná sér á strik á ný.

„Það eru komin tvö ár í maí síðan ég meiddist. Ég er ennþá að reyna að stýra þessu en ég finn að ég er orðin miklu betri og að þetta er á réttri leið. Ég er farin að geta æft mun meira og finn fyrir framförum,“ sagði Eygló og hélt áfram:



**Eygló sér fyrir endann á áralangri baráttu við bakmeiðsli sem hafa plagað hana.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég er ennþá að reyna að stýra þessu en ég finn að ég er orðin miklu betri og að þetta er á réttri leið.**
>
> Eygló Ósk Gústafsdóttir

„Ég byrjaði hjá nýjum sjúkraþjálfara síðasta sumar þegar ég flutti heim frá Svíþjóð og við höfum náð ótrúlegum árangri saman. Ég finn það að ég er óðum að ná fyrri styrk,“ sagði hún.

Eygló er í miðri prófatörn og segir að það hafi verið sérstakt að keppa á sama tíma.

„Heilt yfir er ég ánægð með helgina. Ég veit að ég get betur en það er mikið stress í tengslum við skólann þessa dagana. Ég stefni á að gera enn betur á næsta móti og bæta tímana mína,“ sagði Eygló sem fer í lokapróf í háskólanum í dag.

Í sumar er HM í 50 metra laug í Suður-Kóreu og segist Eygló að sjálfsögðu vera með augastað á því en sé einnig að horfa til lengri tíma.

„Ég veit af mótinu og verð vonandi orðin góð þegar að því kemur en stærra markmiðið er að ná lágmarki á Ólympíuleikana og hefja undirbúninginn fyrir þá,“ sagði Eygló, aðspurð út í HM í sumar.

„Fyrsta markmiðið er að komast á Ólympíuleikana í Tókýó 2020 og svo sjáum við til hvað framtíðin ber í skauti sér,“ sagði Eygló Ósk að lokum.

**kristinnpall@frettabladid.is**


**Alfreð fylgist með af hliðarlínunni um helgina.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Bikarmeistari í sjötta sinn

**HANDBOLTI** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar í Kiel urðu um helgina bikarmeistarar í Þýskalandi eftir 28-24 sigur á Magdeburg í gær.

Þetta er í sjötta sinn sem Kiel verður bikarmeistari undir stjórn Alfreðs og ellefti bikarmeistaratitill félagsins frá upphafi en ekkert annað lið hefur unnið þýska bikarinn oftar en fimm sinnum. Þetta er síðasta tímabil Alfreðs með liðið sem á enn möguleika á því að vinna meistaratitilinn heima fyrir sem og EHF-bikarinn.

Kiel gerði út um leikinn með 13-3 kafla sem hófst undir lok fyrri hálfleiks og skilaði liðinu átta marka forskoti þegar seinni hálfleikurinn var hálfnaður og tókst Magdeburg aldrei að vinna upp það forskot Kiel.

Sjötti bikarmeistaratitill Alfreðs með liðið kom því gegn gamla félaginu hans sem Alfreð stýrði í sjö ár. Alfreð hefur tilkynnt að þetta sé hans síðasta tímabil sem þjálfari þýska stórveldisins. **– kpt**

## Nýjast

### Domino's-deild kvenna
*Undanúrslit*

**KR - Valur 77-84**

**Stigahæstar:** Kiana Johnson 22/11 fráköst/10 stoðsendingar, Orla O'Reilly 14, Vilma Kesanen 12, Ástrós Lena Ægisdóttir 11 - Helena Sverrisdóttir 36/12 fráköst, Heather Butler 18, Hallveig Jónsdóttir 12, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 8.

*Valur er komið 2-0 yfir í einvígi liðanna. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

**Stjarnan - Keflavík 64-62**

**Stigahæstar:** Daniella Victoria Rodriguez 22/13 stoðsendingar, Ragnheiður Benónísdóttir 12/10 fráköst, Veronika Dzhikova 12, Jóhann Björk Sveinsdóttir 8 - Sara Rún Hinriksdóttir 20, Brittanny Dinkins 17/13 fráköst, Birna Valgerður Benónísdóttir 9.

*Stjarnan er komið 2-0 yfir í einvígi liðanna. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

### Olís-deild kvenna
*Undanúrslit*

**Valur - Haukar 24-19**

**Markahæstar:** Díana Dögg Magnúsdóttir 6, Ásdís Þóra Ágústdóttir 5, Lovísa Thompson 4, Alina Molkova 3 - Berta Rut Harðardóttir 6, Karen Helga Díönudóttir 4, Vilborg Pétursdóttir 4, Hekla Rún Ámundadóttir 2.

*Valur er komið 1-0 yfir í einvígi liðanna. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

**Fram - ÍBV 31-25**

**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Karen Knútsdóttir 7, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 4 - Arna Sif Pálsdóttir 10, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 6, Sandra Dís Sigurðardóttir 3.

*Fram er komið 1-0 yfir í einvígi liðanna. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

### Olís-deild karla

**Fram - ÍBV 33-28**

**Markahæstir:** Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 5, Þorgrímur Smári Ólafsson 5, Svavar Kári Grétarsson 4 - Kristján Örn Kristjánsson 5, Hákon Daði Styrmisson 5..

**Haukar - Valur 23-26**

**Markahæstir:** Atli Már Báruson 6, DaníeLÞór Ingason 6, Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 - Róbert Aron Hostert 7, Anton Rúnarsson 5, Vignir Stefánsson 4 .

**Grótta - Afturelding 30-33**

**FÓTBOLTI** Watford leikur til úrslita í enska bikarnum í fyrsta sinn síðan 1984 og aðeins í annað sinn í sögu félagsins. Þar mætir Watford liði Manchester City þann 18. maí næstkomandi á Wembley.

Þetta er í sjöunda skiptið í sögu Watford sem félagið kemst í undanúrslitaleikinn og í fimmta sinn síðan 1984 og loksins tókst leikmönnum Watford að komast áfram og leika til úrslita.

Watford er því einum leik frá því að vinna fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins. Til þessa er stærsti titill þess þegar það vann ensku 2. deildina fyrir 21 ári en nú stendur hið geysisterka lið Manchester City í veginum. **– kpt**

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
8. APRÍL 2019 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir



**1571** Guðbrandur Þorláksson vígður biskup á Hólum í Hjaltadal en hann gegndi embættinu í 56 ár. Guðbrandsbiblía sem kom út 1584 er við hann kennd.

**1818** **Kristján níundi Danakonungur** er í heiminn borinn. Hann ríkti frá 1863-1906 en stytta af honum er fyrir utan Stjórnarráðshúsið þar sem hann sést afhenda íslensku þjóðinni stjórnarskrá árið 1874.

**1904** Nafni torgsins Longacre Square á Manhattan í New York er breytt í Times Square. Var það gert í tilefni þess að dagblaðið New York Times flutti höfuðstöðvar sínar þangað.

**1938** Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, fæðist Kumasi sem er í dag í Gana. Hann lést í ágúst á síðasta ári.

**1947** Síðustu bandarísku hermennirnir yfirgefa Ísland eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar.

**1961** Sprenging verður í farþegaskipinu MV Dara þar sem það var á siglingu á Persaflóa. Af 819 farþegum og skipverjum létu 238 lífið.



**Robin Wright leikkona.**

**1966** Bandaríska leikkonan Robin Wright er í heiminn borin og fagnar því 53 ára afmæli í dag. Hún er meðal annars þekkt fyrir leik sinn í kvikmyndunum The Princess Bride og Forrest Gump og lék þar að auki eitt aðalhlutverkanna í sjónvarpsþáttunum House of Cards.

**1989** Fyrstu verslun Bónuss opnuð á þessum degi í Skútuvogi í Reykjavík.



Elsku bróðir, mágur og frændi,

**Adolf Einarsson**

bóndi,
Eystri-Leirárgörðum,

sem lést á dvalarheimilinu Höfða 31. mars, verður jarðsunginn frá Leirárkirkju þriðjudaginn 9. apríl kl. 15.00.

**Guðríður Einarsdóttir**
**Ólöf Friðjónsdóttir**
**Pálmi Þór Hannesson**
**Magnús Ingi Hannesson**
**Susanne Kastenholz**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gerður Jóhannsdóttir**

Árskógum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þriðjudaginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 8. apríl kl. 15.00.

**Kjartan Ármann Kjartansson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Á þessu starfsári er liðin öld frá því Jóhannesarstúkan Edda var vígð og reglulegt stúkustarf hófst hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Frímúrarar fylltu Hörpu

**Bræður og systur í frímúrarareglunni minntust 100 ára reglustarfs í tali og tónum í Eldborgarsal Hörpu í gærkvöldi. Erindreki reglunnar segir starfið missa marks ef upplýst verði um hvað það snýst. Hann hló dátt þegar hann var spurður um sérstakt handaband.**

**TÍMAMÓT** Frímúrarabræður og -systur fjölmenntu í Eldborgarsal Hörpu í gærkvöldi til að minnast 100 ára reglustarfs á Íslandi í tali og tónum. Á þessu starfsári eru liðin 100 ár frá því Jóhannesarstúkan Edda var vígð og reglulegt stúkustarf hófst hér á landi, en það var 6. janúar 1919.

„Við erum bæði með tónlistardagskrá og síðan var frumsýnd heimildarmynd um regluna,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, erindreki frímúrara. Heimildarmyndin er 18 mínútur að lengd og er framleidd af Jóni Þór Hannessyni ásamt fleirum. Eiríkur segir að hún verði gerð aðgengileg í gegnum vefsíðu frímúrara fljótlega en áhugi sé fyrir því að koma henni í almenna sýningu.

Margt verður gert til að minnast tímamótanna fyrir utan hátíðina í Eldborg. Gefnar verða út tvær bækur, önnur um Ludvig Emil Kaaber, fyrsta stórmeistara Eddu, og hin um sögu reglunnar. Stúkuhús utan Reykjavíkur verða opin fyrir gesti og starf frímúrara kynnt reglulega yfir árið. Nú þegar hefur verið opið hús í Skagafirði og Stykkishólmi, en alls eru 13 stúkur hér á landi.

Á menningarnótt verður regluheimilið við Bríetartún opnað gestum og gangandi. „Við vorum með opið árið 2001, á 50 ára afmæli reglunnar,“ segir Eiríkur, en reglan sjálf var stofnuð árið 1951 og þá var Sveinn Björnsson, þáverandi forseti Íslands, stórmeistari, en frímúrarar hafa starfað hérlendis frá árinu 1919. „Það kom mjög mikill fjöldi þegar við opnuðum dyrnar árið 2001. Við erum að vonast til að það verði ekki færri í ár.“

> **Við teljum starfið missa algjörlega marks ef við upplýsum um hvað það snýst.**
>
> Eiríkur Finnur Greipsson, erindreki frímúrara

Frímúrarareglan, sem í eru um 3.500 meðlimir hér á landi, hefur lengi verið sveipuð dulúð, en þó að félagatal og lög reglunnar séu opinber þá má ekki opinbera nákvæmlega hvað er gert á fundum. Um er að ræða sérstæð og gamalgróin fundarsköp sem er ætlað að hafa óvænt og þroskandi áhrif á hugsun og líf þátttakenda. „Við teljum starfið missa algjörlega marks ef við upplýsum um hvað það snýst.“ Eiríkur segir að vissulega stækki tengslanetið, en bannað sé að ræða hagsmunamál, stjórnmál og trúmál á fundum.

Íslenska reglan fer eftir svokölluðu sænsku kerfi og er gerð sú krafa að meðlimir játi kristna trú. „Það er ekki gert upp á milli kirkjudeilda eða neitt slíkt. Sama regla gildir á öllum Norðurlöndunum,“ segir Eiríkur. Hann er nokkuð dularfullur þegar hann er spurður hvort það sé eitthvert kristilegt þema í athöfnunum. „Það sem ég get sagt er að þetta er ákveðin vísbending um það. En við erum ekki trúfélag. Við erum mannræktarfélagsskapur. Í rauninni get ég ekki sagt neitt annað.“

Eiríkur hlær dátt þegar hann er spurður hvort frímúrarabræður heilsist með sérstöku handabandi. „Ég verð að fá að hlæja að þessu. Þetta er mjög algeng spurning. Það er einfaldlega þannig að við höfum dulúð yfir öllu sem varðar innri starfsemi stúkufunda og ræðum það ekki.“ **arib@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 8. APRÍL 1995

## Síðustu alþingiskosningar gamla fjórflokksins

Alþingiskosningar fóru fram laugardaginn 8. apríl 1995. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks hélt velli í kosningunum en hafði aðeins eins manns meirihluta eftir að hafa tapað samtals þremur þingmönnum.

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut flest atkvæði eða rúm 37 prósent, næstur kom Framsóknarflokkurinn með rúm 23 prósent, Alþýðubandalagið hlaut rúm 14 prósent, Alþýðuflokkurinn rúm 11 prósent, Þjóðvaki rúm 7 prósent og Kvennalistinn tæp 5 prósent.



Viðræður um áframhald stjórnarsamstarfsins fóru út um þúfur og var í kjölfarið myndað ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Átti sú ríkisstjórn eftir að sitja næstu tólf árin.

Þessar kosningar reyndust þær síðustu sem Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn og Kvennalistinn buðu fram í eigin og sér. Á kjörtímabilinu varð mikil uppstokkun á vinstri vænt stjórnmálanna og Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð urðu til.

Stofnað 1983

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Helgi Jón Harðarson, Sölustjóri / Eigandi
Freyja Sigurðardóttir, Lögg. fast. / Eigandi
Magnús Emilsson, Lögg. fast. / Eigandi
Ágústa Hauksdóttir, Löggiltur fasteignasali
Hilmar Þór Bryde, Löggiltur fasteignasali
Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali
Hildur Loftsdóttir, Ritari / skjalavinnsla
Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir, Lögg. fast.

**Við kunnum að meta fasteignina þína**




## ÖGURHVARF 2
### ATVINNUHÚSNÆÐI – KÓPAVOGUR

**Til sölu/leigu. Laust strax.**

**Nýkomið í einkasölu glæsilegt nýlegt 282 fm atvinnuhúsnæði/verlsunarhúsnæði.**
- Gott auglýsingagildi.
- Um er að ræða endabil á þessum frábæra stað með innkeyrsludyr.
- Góð aðkoma og næg bílastæði.

**Húsnæðið er laust strax og er til sýnis. Verðtilboð.**

**Nánari upplýsingar veitir Helgi Jón Harðarson sölustjóri 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is**



**ÞÓRSBERG 14 – EINBÝLI – HFJ**
Mjög gott 237,9 fm einbýlishús á einstökum stað í jaðri byggðar, stór gróin eignarlóð. Tvöfaldur góður bílskúr. Góð staðsetning í Setberginu í Hafnarfirði. Miklir möguleikar. Útsýni. **Verð 85,6 millj.**



**STEINAHLÍÐ 5 – EINBÝLI – HFJ**
Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt einbýli á einni hæð með bílskúr, samtals 168 fm. Glæsilegt nýtt eldhús frá Eirvík. Parketflísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa og fl. Róleg og góð staðsetning. **Verð 79,8 millj.**



**KJARRÁS 8 – ENDARAÐHÚS - GBR**
Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt endaraðhús á einni hæð með innb. bílskúr samtals 181 fm. Góð staðsetning í botnlanga. Mjög fallegur garður í suður. Arinn í stofu. Fullbúin og vönduð eign. **Verð 83,9 millj.**




*Miklaborg kynnir:* Atvinnuhúsnæði til sölu í heilu lagi eða í 2-4 hlutum. Eignin er á Völlunum í Hafnarfirði. Lóðin er 5108,9 fm að stærð.

Afhending er í júní/júlí 2019.

Húsið er samtals 1370 fm að stærð og greitt hefur verið fyrir byggingarrétt fyrir allt að 800 fm til viðbótar.

Lóðin verður girt af að hluta og malbikuð.

Verð: **380 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515



**MIKLABORG** **Með þér alla leið**

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 5 |
| Ísafjörður | 0 | 2 |
| Akureyri | 4 | 3 |
| Egilsstaðir | 5 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 10 |
| Hveravellir | -3 | 9 |

Austan 10-15 m/s syðst, annars 3-8. Víða léttskýjað í kvöld, en skýjað og úrkomulítið við suðurströndina og á Austfjörðum. Skýjað með köflum á morgun og stöku skúrir eða él SA-til, en bjartviðri N- og V-lands. Frost 0 til 7 stig í nótt, en hiti 2 til 8 stig á morgun.

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 4 |
| Ísafjörður | 0 | 2 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 4 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 9 |
| Hveravellir | -3 | 8 |

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 5 |
| Ísafjörður | 0 | 1 |
| Akureyri | -2 | 1 |
| Egilsstaðir | 2 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 5 |
| Hveravellir | -1 | 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. sella
5. lélegur
6. tveir eins
8. ríki í fríku
10. átt
11. eldur
12. snap
13. ókyrrð
15. tínsla
17. skráning

**LÓÐRÉTT**
1. sárasótt
2. rannsaka
3. sarg
4. stöðvun
7. dottinn
9. ekki beinlínis
12. illmenni
14. pípa
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** fruma, **5.** rýr, **6.** ff, **8.** Angóla, **10.** na, **11.** bál, **12.** betl, **13.** órói, **15.** söfnun, **17.** ritun.
**LÓÐRÉTT: 1.** fransós, **2.** rýna, **3.** urg, **4.** aflát, **7.** fallinn, **9.** óbeint, **12.** bófi, **14.** rör, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Lundquist átti leik gegn Varjoma í Svíþjóð árið 1980.

**1.... Hd3! 2. Bxe5+ dxe5 3. Db2 Df3+! 0-1.** Í gær fór fram Bikarmót SÍ á RÚV. Nánar um mótið á www.skak.is. GAMMA Reykjavíkurskákmótið verður sett í dag kl. 15 í Hörpu. Skákáhugamenn eru hvattir til að fjölmenna. **www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið

**Svartur á leik**



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA




Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is

**Engjateigur 17 105 - Rvk**




Til sölu er mjög áhugavert húsnæði sem hentar fyrir margvíslegan rekstur. Rýmið sem er nýuppgert, er um 110 ferm á jarðhæð með neðri hæð þar sem er lager og kaffistofa. Það hentar fyrir verslun hvers konar, snyrtistofu, ráðgjafarþjónustu, fasteignasölu, skartgripaverslun/verkstæði ofl.

Næg bílastæði eru fyrir framan og aftan húsið. Húsið hefur gott auglýsingagildi og er í nágrenni við "nýjan og betri miðbæ" í Ármúla/Síðumúla. Listhúsið hefur verið gert upp að utan og hafa gluggar og þak verið endurnýjað eftir þörfum.

**Afhending er samkomulag. V- 58,5 millj.**

**Traust og góð þjónusta í 15 ár**




Verk á sýningunni. Verkin eru unnin með lakki og spreyi á álplötur.



Viðfangsefni mín hafa alltaf verið mismunandi, segir Steingrímur Eyfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Listin ekki vísindi og á að þróast fyrir utan þau

**Steingrímur Eyfjörð sýnir í Hverfisgalleríi. Hann segir sýninguna nálgast popplist í Evrópu. Spámiðill skrifar sýningarskrá. Listamaðurinn segist hafa mikinn áhuga á alls kyns alþýðumenningu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Megi þá helvítis byltingin lifa er titill sýningar Steingríms Eyfjörð í Hverfisgalleríi, en þar sýnir hann ný verk sem eru unnin með lakki og spreyi á álplötur. Ýmiss konar texti er á verkunum, eins og: Ekkert eftir – spillingin tekur allt, sem Steingrímur segist hafa séð á kröfuspjaldi í mótmælum fyrir utan Landsbankann og heiti sýningarinnar eru orð sem höfð eru eftir Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar.

Spurður hvort verkin séu pólitísk segir listamaðurinn: „Allt er pólitík, það er ekkert til sem er ópólitískt. Þannig að ef menn vilja kalla þessa sýningu pólitíska þá mega þeir það. Það eru alls konar skilaboð í þessum textum sem eru bæði eftir mig og aðra en þetta er bara texti, ekki bókmenntir og ekki ljóðagerð. Texti á sér sterkar rætur í listasögunni og svo eru náttúrlega öll þessi auglýsingaskilti í samfélaginu,“ segir listamaðurinn. „Viðfangsefni mín hafa alltaf verið mismunandi, stundum er ég kannski upptekinn af fornsögunum eða því yfirskilvitlega eða ímynd konunnar eins og á sýningunni Kvenhetjan. Ég myndi segja að þessi sýning nálgist einhverja tegund af popplist í Evrópu, á sjötta og sjöunda áratugnum. En í raun og veru eru listaverk þannig að fólk á að horfa á þau og skoða þau og á ekki að þurfa að vita neitt. Þannig eru bestu verkin.“

### Má ekki tala um meistaraverk

*Áhorfandinn á þá að vera algjörlega frjáls þegar hann horfir á verkin?*

„Já, gömlu meistaraverkin eru þannig og hrífa áhorfandann. Það hlýtur að vera markmið hjá listamönnum að geta gert þannig verk. En við lifum á tímum þar sem má ekki tala um meistaraverk. Þessi gömlu meistaraverk eru mitt uppáhald og líka egypsk og grísk list sem gerir kröfu um að maður þekki trúarbrögðin og trúarheiminn.“

> ÉG HEF MIKINN ÁHUGA Á ALÞÝÐUMENNINGU, DRAUMUM OG DRAUGUM, FYRIRBOÐUM OG SPÁM, ÞESSIR HLUTIR LEITA ALLTAF SMÁVEGIS Í VERKIN.

Það vekur athygli að Steingrímur fékk spámiðil til að skrifa í sýningarskrá. „Venjan er að fá listfræðing til að skrifa í slíka skrá. Mér finnst það hæfa þessari sýningu betur að fá til þess spámiðil. Ég hef mikinn áhuga á alþýðumenningu, draumum og draugum, fyrirboðum og spám, þessir hlutir leita alltaf smávegis í verkin. Ég fékk vinkonu mína, sem er þarna undir dulnefni, til þess. Pabbi hennar og amma voru skyggn og hún hefur þetta í sér, býr yfir skyggnigáfu og spágáfu og er með fólk að handan sem segir henni hluti. Sumir eru svona og aðrir ekki.“

### Merk alþýðuspeki

*Þú hefur sterka trú á því yfirskilvitlega.*

„Það er hluti af því að vera manneskja. Það að dreyma, hafa tilfinningar og upplifa er mennska. Það er eins með listina, hún er ekki vísindi og á að þróast fyrir utan þau. Það er stöðugt að koma betur í ljós hversu margt er rétt í þessari alþýðuspeki sem hefur verið til í þúsundir ára.

Friðrik Þór Friðriksson gerði mynd sem heitir Eldsmiðurinn. Þegar eldsmiðurinn var að hita járn og berja það þá skipti til dæmis máli hvort það væri fullt tungl. Hann tók mið af alls konar hlutum sem vísindamenn myndu ekki nota en eru alveg gildir. Ég vona að þessi menning sé enn til staðar hjá okkur, en kannski er hún að glatast.“

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 | NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | *Flóttamenn á Íslandi bjóða í bíó* | |
| Girl (ICE SUB) | 17:45 | FRÍTT! Capernaum - ENG SUB | 20:00 |
| Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 18:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:00 |
| Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 20:00 | Birds of Passage (ENG SUB) | 22:00 |
| Mug // Twarz (ICE SUB) | 20:00 | Girl (ENG SUB) | 22:30 |




Fram fara hefðbundin aðalfundarstörf þar sem greint verður m.a. frá kjöri formanns Samtaka atvinnulífsins og stjórnar SA 2019-2020. Einnig verður farið yfir helstu atriði nýs Lífskjarasamnings 2019-2022.

Rétt til setu á aðalfundinum eiga stjórnendur aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins ásamt starfsmönnum SA og aðildarsamtaka.

Vinsamlega skráið þátttöku á www.sa.is

*Ársfundur atvinnulífsins 2019 sem er öllum opinn verður haldinn fimmtudaginn 17. október kl. 14-16 í Hörpu.*
*Þá verða liðin 20 ár frá stofnun Samtaka atvinnulífsins.*

SA

Frétta- og samfélagsumfjöllun




Virka daga kl. 6.50

Alþjóðamál, efnahagsmál, ferðamál, stjórnmál og önnur helstu mál líðandi stundar krufin til mergjar. Umsjón: Jóhann Hlíðar Harðarson, Björn Þór Sigbjörnsson og Vera Illugadóttir.




Virka daga kl. 12.55

Upplýst og gagnrýnin umræða um umhverfismál, menntamál, heilbrigðismál, atvinnulíf, vísindi, tækni og margt fleira. Umsjón: Leifur Hauksson og Ragnhildur Thorlacius.




Virka daga kl. 18

Fréttir og fréttaskýringar í útvarpi þar sem kafað er dýpra í málin, þau sett í stærra samhengi og skýringa leitað. Á Rás 1 og Rás 2. Umsjón: Arnar Páll Hauksson, Arnhildur Hálfdánardóttir og Sigrún Davíðsdóttir.




Laugardaga kl. 11

Farið er yfir helstu fréttir vikunnar með fréttaskýrendum og fólkinu í fréttunum. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Anna Kristín Jónsdóttir.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Borgarbyggð - Seltjarnarnes**
**14.00 92 á stöðinni**
**14.25 Maður er nefndur Helga Bachmann** Kolbrún Bergþórsdóttir ræðir við Helgu Bachmann leikkonu. Hún segir frá starfsferli sínum og frá eiginmanni sínum, Helga Skúlasyni leikara. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
**14.55 Út og suður**
**15.20 Af fingrum fram Sigríður Beinteinsdóttir** Þriðja þáttaröð Af fingrum fram, þar sem Jón Ólafsson spjallar við tónlistarmenn og bregður upp svipmyndum frá ferli þeirra. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**16.05 Hvað höfum við gert?**
**16.45 Silfrið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**18.01 Símon**
**18.06 MóiMouk**
**18.17 Klaufabárðarnir**
**18.26 Ronja ræningjadóttir** Teiknimyndaþættir um Ronju ræningjadóttur frá Studio Ghibli sem byggðir eru á þekktri sögu Astrid Lindgren. Ronja elst upp hjá ræningjum í skógum Skandinavíu. Líf hennar tekur stakkaskiptum þegar hún kynnist strák sem reynist vera sonur andstæðings föður hennar. Studio Ghibli er einn stærsti framleiðandi teiknimynda í Japan og gerði meðal annars Óskarsverðlaunamyndina Brottnámið, eða Spirited Away.
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Joanna Lumley í Japan** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem breska leikkonan Joanna Lumley ferðast yfir Japan frá norðri til suðurs og kynnist menningu landsins og fólkinu sem býr þar.
**21.10 Gíslatakan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Súpudósir og súperstjörnur - Hvernig popplistin breytti heiminum** Heimildarmynd frá BBC þar sem listagagnrýnandinn Alastair Sooke fjallar um popplist, sem hann heldur fram að sé ein mikilvægasta listastefna tuttugustu aldarinnar.
**23.10 Stacey Dooley. Týndu stúlkurnar** Heimildarmynd frá BBC þar sem Stacey Dooley rannsakar óleyst mál kanadískra kvenna af frumbyggjaættum sem hafa horfið eða verið myrtar á síðustu áratugum. Hún ræðir meðal annars við fjölskyldur fórnarlamba og við lögregluna, sem hefur verið gagnrýnd fyrir aðgerðaleysi í málum þessara kvenna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**00.00 Kastljós**
**00.15 Menningin**
**00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Valero Texas Open**
**13.00 Champions Tour Highlights**
**13.55 ANA Inspiration**
**17.55 PGA Highlights**
**18.50 Valero Texas Open**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Crazy Ex-Girlfriend**
**14.30 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Good Place**
**20.10 Top Chef**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.50 Blue Bloods**
**22.35 Shades of Blue**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. New Orleans**
**02.20 FBI**
**03.05 The Gifted**
**03.50 Salvation**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Sannleikur eða lygi?
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Til allra átta**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Japan, land hinnar rísandi sólar**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hátalarinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.05 Apple of My Eye**
**13.30 Duplicity**
**15.35 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**17.00 Apple of My Eye**
**18.25 Duplicity**
**20.30 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**22.00 Underworld. Blood Wars**
**23.35 99 Homes**
**01.30 Like.Share.Follow**
**03.05 Underworld. Blood Wars**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Goldbergs**
**09.55 I Own Australia's Best Home**
**10.45 Born Different**
**11.10 Great News**
**11.30 Hvar er best að búa?**
**11.55 Landnemarnir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor UK**
**14.10 The X-Factor UK**
**15.00 The X-Factor UK**
**16.40 The Big Bang Theory**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Mindy Project**
**19.50 God Friended Me**
**20.35 Silent Witness**
**21.30 Tin Star**
**22.15 S.W.A.T.**
**23.00 60 Minutes**
**23.45 The Village**
**00.30 The Enemy Within**
**01.15 Blindspot**
**02.00 Strike Back**
**02.50 Nashville**
**03.35 Nashville**
**04.20 StartUp**
**05.05 StartUp**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Who Do You Think You Are?**
**21.50 Claws**
**22.35 Game of Thrones**
**23.25 Flash**
**00.10 Supernatural**
**00.55 The Last Man on Earth**
**01.20 The Simpsons**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Real Betis - Villarreal**
**09.15 Real Valladolid - Sevilla**
**10.55 Olís-deild karla**
**12.25 Seinni bylgjan**
**13.55 KR - Valur**
**15.35 Dominos deild karla**
**17.15 Domino's-körfuboltakvöld**
**18.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.30 Dominos deild karla** Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum.
**21.10 Domino's-körfuboltakvöld**
**22.10 Útsending frá úrslitaleik Lengjubikarsins.**
**23.50 Olís-deild kvenna**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Útsending frá úrslitaleik Lengjubikarsins.**
**08.40 Olís-deild karla**
**10.05 Southampton - Liverpool**
**11.45 Everton - Arsenal**
**13.25 Messan**
**14.30 Manchester City - Brighton**
**16.10 Watford - Wolves**
**17.50 Ítölsku mörkin**
**18.20 Spænsku mörkin**
**18.50 Chelsea - West Ham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Football League Show**
**21.30 Ensku bikarmörkin**
**22.00 Úrvalsdeildin í pílukasti**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# FULLKOMINN DJÚPSVEFN

## Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngu-kodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!






Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskipta-vinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

**Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.**

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com

# Ragnheiður Gröndal fyllti hjörtun af ást

**Ragnheiður Gröndal** fylgdi nýju plötunni sinni, Töfrabörn, úr hlaði með tónleikum í Gamla bíói nýlega. Ásamt einvala liði tónlistarfólks fór hún í gegnum alla plötuna og fyllti hjörtu áheyrenda af ást eins og henni einni er lagið.


Guðmundur Pétursson, sá fantagóði gítarleikari og eiginmaður Ragnheiðar, styður þétt við bakið á henni jafnt á sviðinu sem utan þess.

Töfrabörn er fyrsta platan sem Ragnheiður sendir frá sér í fimm ár og ekki leyndi sér á tónleikagestum að hennar hefur lengi verið beðið. „Það verður öllu tjaldað til fyrir augu, eyru og öll skynfærin,“ sagði Ragnheiður í samtali við Fréttablaðið fyrir tónleikana. „Ég get lofað því og við ætlum svolítið að rannsaka þessi lög í lifandi flutningi. Þetta verður öðruvísi, eins og að búa til nýjan skúlptúr en fanga samt sama andrúmsloftið og er í lögunum.“

thorarinn@frettabladid.is


Áhorfendur hrifust með eins og óhjákvæmilegt er þegar Ragnheiður hefur upp raust sína.



Loksins, loksins steig Ragnheiður á svið með nýtt efni sem margir hafa beðið eftir að fá að heyra. MYNDIR/GUNNLAUGUR RÖGNVALDSSON




Töfrabörnin fengu að njóta sín í lifandi flutningi Ragnheiðar og félaga.







Ekkert var til sparað og þegar mest var voru tíu manns með Ragnheiði á sviðinu.

LG Life's Good

# PÁSKATILBOÐ

## NJÓTTU PÁSKANNA Í BETRI UPPLAUSN




## FULLKOMINN LITUR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM

LG OLED B8 SJÓNVÖRP MEÐ ACTIVE HDR MYNDTÆKNI, ÖFLUGU DOLBY ATMOS HLJÓÐKERFI OG MAGIC REMOTE FJARSTÝRINGU

LG-OLED55B8 55" ~~234.990 KR.~~ **TILBOÐ 199.990 KR.** | LG-OLED65B8 65" ~~389.990 KR.~~ **TILBOÐ 349.990 KR.**

---




Panasonic

## GLÆSILEGT SNJALLSJÓNVARP

4K UHD SJÓNVARP MEÐ MULTI HDR TÆKNI OG QUAD CORE PRO ÖRGJÖRVA.

PAN-TX65FX600E 55" ~~219.990 KR.~~ **TILBOÐ 169.990 KR.**




UNITED

## EINFÖLD OG NOTENDAVÆN 4K LED SJÓNVÖRP

UNI-LED55X18 55" ~~69.990 KR.~~ **TILBOÐ 49.990 KR.** | UNI-LED65X18 65" ~~99.990 KR.~~ **TILBOÐ 79.990 KR.** | UNI-LED75X18 75" ~~199.990 KR.~~ **TILBOÐ 149.990 KR.**

---

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is






**Berglind Þrastardóttir leikstjóri og Jana Arnarsdóttir framleiðandi ásamt Fróða Þrastarsyni og Auði Mjöll Hreiðarsdóttur sem leika systkinin Þröst og Dagnýju í When the Trees Come, þar sem kynþroski blandast þjóðsögum.**

# Varúlfur byrjar á blæðingum

Íslensk náttúra, loftslagsbreytingar, álfar, tröll, blæðingar og varúlfar koma við sögu í stuttmyndinni When the Trees Come sem þrjár ungar kvikmyndagerðarkonur taka upp á Íslandi.

Kvikmyndagerðarkonurnar Berglind Þrastardóttir leikstjóri, Jana Arnarsdóttir framleiðandi og tökukonan Alina Albrecht ætla að taka stuttmyndina When the Trees Come í Reykjavík, Reykjadal, við Sólheimajökul og víðar í apríl.

Myndin hverfist um blæðingar og það hornauga sem tíðahringurinn, sá lífsins gangur, er enn litinn víða og segir frá sjö ára strák sem er viss um að systir hans sé að breytast í varúlf þegar hún byrjar á blæðingum.

Handritið er byggt á hugmynd sem Berglind segist hafa fengið tæpu ári áður en hún setti stakt orð á blað. „Ég gekk lengi með þessa hugmynd og af og til leitaði hún á mig þangað til ég settist niður og skrifaði fyrsta uppkastið að varúlfasögu um unga konu sem byrjar á túr,“ segir Berglind.

Í myndinni er skógrækt á tímum hnattrænnar hlýnunar tengd varúlfum sem mögulega leynast í trjánum. Þegar Þröstur, sjö ára strákur, heyrir orðróm um að varúlfar séu að hasla sér völl á Íslandi bætast áhyggjur af þeim við álfa og tröll sem áður hafa sótt á huga hans. Á fullu tungli hrekkur hann upp af værum svefni og kemur að rúmi Dagnýjar, þrettán ára systur sinnar, tómu. Hann rekur augun í blóðbletti á sængurfötunum og heyrir systur sína gráta á neðri hæðinni.

**ER HÚN AÐ BREYTAST Í VARÚLF? EÐA ER HÚN AÐ BYRJA Á TÚR? ÞETTA BLANDAST ALLT SAMAN.**

Jana Arnarsdóttir

## Yfirnáttúrulegur túr

„Við erum að segja frá stelpu sem er að byrja á túr en það sem er skemmtilegt við þetta er að við horfum á þessa breytingu með augum litla bróður hennar,“ segir Jana sem stökk til þegar henni bauðst að verða framleiðandi myndarinnar.

„Þannig að við erum svolítið að vinna með sakleysið en hann bara trúir því að hún sé að breytast í varúlf vegna þess að fyrir honum er þetta yfirnáttúrulegt. Við erum líka á mörkum raunveruleika og ímyndunar barna vegna þess að það er ekki alltaf ljóst hvað er draumur og hvað raunveruleiki. Þannig komumst við líka inn á þetta yfirnáttúrulega. Er hún að breytast í varúlf? Eða er hún að byrja á túr? Þetta blandast allt saman,“ segir Jana.

„Lífið er ekki deildaskipt og konur eiga ekki að vera lokaðar af í einhverjum einkahólfum. Þannig að af hverju tölum við ekki um blæðingar sem sjálfsagðan hlut við hvern sem er? Hvers vegna erum við enn að fela túrtappa eins og enginn megi sjá þá?“ spyr Berglind.

„Með því að segja söguna með augum lítils stráks viljum við sýna hversu eitruð einangrunin getur verið sem fylgir flokkunarkerfi byggðu á tvíhyggju þar sem allt snýst um konur eða karla. Með áherslunni á einfalda sýn stráksins og aðdáun hans á systur sinni horfum við á þetta út frá einstaklingum,“ segir Berglind.

## Spurningar frekar en svör

Blæðingarnar geti þannig orðið eitthvað stórfenglegt, yfirnáttúrulegt, í fjörugum huga drengsins, frekar en eitthvað sem frekar er tengt þjáningum, skömm og feluleik. „Að þetta geti opnað fyrir ótal pælingar og hugsanir sem við hefðum aldrei getað ímyndað okkur í villtustu, inngrónu feðraveldisdraumum okkar.“

Berglind segir nám sitt í sálfræði hafa mikil áhrif á sjónarhorn hennar í verkum sínum. „Markmið mitt er alltaf að reyna að fá fólk til þess að líta inn á við. Ég vil að verkin mín spyrji spurninga frekar en að svara þeim,“ segir Berglind sem vill nota kvikmyndir til þess að kanna og gagnrýna hversu ríkjandi viðhorf í samfélaginu móti hugsunarhátt okkar.

„Við erum að komast út úr þessu kerfi þar sem allt er flokkað annaðhvort kvenlegt eða karlmannlegt yfir í eitthvað miklu flóknara en frjálsara. Ég held að með því að blanda þarna saman kynþroska og þjóðsögum geti ég náð þessu takmarki mínu.“

When the Trees Come er tuttugasta og þriðja stuttmyndin sem Jana kemur að og verður útskriftarverkefni hennar frá Kvikmyndaskóla Íslands. Hún var með annað verkefni í huga þegar þær Berglind voru leiddar saman og ákvað strax að slá til.

„Þetta er fullkomið verkefni fyrir mig vegna þess að það er smá áskorun í þessu. Það er ekki auðveldasta verkefni í heimi að framleiða mynd í Þýskalandi og á Íslandi þannig að þetta er mikið stuð.

Þær stöllur hafa stofnað fjáröflunarsíðu á Gofundme.com þar sem þær leita til almennings en framleiðslukostnaðurinn er þegar kominn fram úr áætlun, meðal annars vegna falls WOW air. „Ef okkur tekst að safna fyrir öllum kostnaði og eitthvað verður afgangs mun það renna til góðgerðarmála sem varða líkamlega heilsu kvenna,“ segir Jana. **thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 11. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Láru G. Sigurðardóttur



# Þín eigin veisla

Þú sérð ekki þessa gesti. Flestir launa þeir gestrisnina með því að hjálpa til við að melta matinn og verja þig fyrir skaðræðisseggnum C. difficile sem sendir gestgjafann óþægilega margar ferðir á salernið.

Í meltingarveginum kallast gestirnir þarmaflóra. Áður fyrr héldu menn að þeir gegndu veigalitlu hlutverki en nú telja vísindamenn að þeir geti m.a. haft áhrif á líðan okkar og þyngd.

Þegar hægðir músa sem borða mikið eru fluttar í þarma músa sem hafa enga þarmaflóru, þá verða mýsnar með nýju hægðirnar svengri og þyngjast. Og mýs sem fá hægðir úr alvarlega þunglyndum mönnum gefast fljótt upp þegar þær eru teknar upp á skottinu. Áður reyndu þær ákaft að flýja, sem mýs gera venjulega.

Svo virðist sem gestirnir í þörmunum geti sent skeyti til heilans með taugafrumum sem liggja eins og hraðbraut milli þessara líffæra – skilaboðin geta verið að auka oxýtósín og serótónín sem eru gleðihormónin okkar.

Nú eru menn ekki mýs en þessi vitneskja gefur okkur engu að síður innsýn í að þarmaflóran leikur mögulega hlutverk í heilsu okkar og líðan.

Til að fjölga góðum gestum í þörmunum og úthýsa þessum óboðnu segja sérfræðingar við Harvard-háskóla að gott sé að borða reglulega sýrðan mat eins og jógúrt og súrsað grænmeti. Hollur óunninn matur laðar að góða gesti en skyndibiti er veisla fyrir skaðræðisseggi.

Næst þegar þú sest til borðs skaltu hafa hugfast að þú ert ekki einungis að næra sjálfa(n) þig heldur ótal gesti og það sem er á disknum gefur tóninn fyrir partíið. Hverja viltu fá í veisluna?








